

**MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM
SAMKVÆMT LÖGUM NR. 63/1993
VEGNA LAGNINGAR MISLÆGRA GATNAMÓTA
VESTURLANDSVEGAR OG HÖFÐABAKKA.**

ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS.

1. INNGANGUR

Með vísan til laga nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum var eftirtalin framkvæmd tilkynnt til frumathugunar hjá Skipulagi ríkisins.

Framkvæmd: Lagning mislægra gatnamóta Vesturlandsveggar og Höfðabakka, milli stöðva 1800 til 2350 á Vesturlandsvegi og á Höfðabakka milli Bíldshöfða og Bæjarháls.

Framkvæmdaraðilar: Vegagerðin og Reykjavíkurborg.

Frumathugun: Framkvæmdin var tilkynnt til embættis skipulagsstjóra ríkisins þann 24. júní 1994 og auglýst opinberlega þann 29. júní 1994. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 29. júní til 3. ágúst 1994 hjá Skipulagi ríkisins, Borgarskipulagi og í Árbæjarsafni. Ein athugasemd barst á kynningartíma.

Gögn lögð fram við frumathugun:

1. **Frummatsskýrsla.** Breikkun Vesturlandsveggar. Mislæg gatnamót Vesturlandsveggar og Höfðabakka. Frummat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, Línuhönnun, Reykjavíkurborg, Vegagerð ríkisins.
2. Úttekt á loftmengun við gatnamót Höfðabakka og Vesturlandsveggar, Verkfræðistofan Vatnaskil. 1994. 94.09.
3. Arðsemi gatnaframkvæmda, Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, 1994, 93.202.
4. Arðsemi gatnaframkvæmda, umferðaróhöpp, Umferðardeild borgarverkfræðings, 1994, 93.202.

2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar tveggja opinberra umsagnaraðila, Náttúruverndarráðs og Hollustuverndar ríkisins, en framkvæmdaraðili hafði þegar leitað umsagnar Árbæjarsafns, borgarráðs Reykjavíkur, skipulagsnefndar Reykjavíkur, umferðarnefndar Reykjavíkur og umhverfismálaráðs Reykjavíkur.

Náttúruverndarráð fellst á framkvæmdina án athugasemda.

Hollustuvernd ríkisins gerir nokkrar athugasemdir. Í athugasemdum Hollustuverndar er einkum fjallað um loftmengun og hljóðstig og að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til þeirra þátta við hönnun. Enn fremur að ekki sé gert ráð fyrir mótvægisáðgerðum og að aðrir kostir við framkvæmdina hafi ekki verið metnir umhverfislega séð.

Í svari framkvæmdaraðila frá 25. júlí 1994 kemur meðal annars fram að tölur um mengun miðast við umferð eins og hún er áætluð árið 2008 og að ekki er í þessum

spám „tekið tillit til vegar eða vega yfir Elliðavog, þ.e.a.s. Ósabrautar og Kleppsvíkurtengingar, en yfirgnæfandi líkur eru á að önnur hvor þessara tenginga verði komin á fyrir árið 2008 og þar með að umferð verði fjórðungi minni um umrædd gatnamót árið 2008 en skv. spánni“. Þá kemur fram að fleiri möguleikar voru skoðaðir hvað varðar útfærslu á gatnamótunum, en þeim fylgi síst minni loftmengun eða hljóðmengun í heild og umferðaröryggi yrði minna. „Komi í ljós að hljóðmengun sé vandamál í atvinnuhúsnæði næst gatnamótunum við Stangarhyl eða í íbúðarhúsnæði (við Bröndukvísl), er hægt að grípa til aðgerða til að draga úr hávaða, svo sem með byggingu hljóðskerma og hljóðmana“. Þessar athugasemdir voru sendar Hollustuvernd til umsagnar.

Í umsögn Hollustuverndar frá 12. ágúst 1994, við svari Línuhönnunar kemur meðal annars fram að Hollustuvernd telur svör framkvæmdaraðila við umsögn sinni vera viðunandi. Hollustuvernd leggur einnig til í bréfi frá 12. ágúst 1994 eftirtaldir mótvægisáðferðir:

„Á 5 ára fresti frá úrskurði þessum, ber framkvæmdaraðila að kanna loft- og hljóðmengun við íbúðar- og/eða iðnaðarhúsnæði við gatnamótin og skila niðurstöðum til Hollustuverndar ríkisins. Sé ástæða til að ætla að mengun geti farið yfir viðmiðunarmörk sbr. mengunarvarnarreglugerð og telji Hollustuvernd ríkisins eða Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkursvæðis ástæðu til að grípa í taumana, er framkvæmdaraðila skylt að gera viðeigandi ráðstafanir í samráði við Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkursvæðis“.

Borgarráð Reykjavíkur fellst á framkvæmd án athugasemda.

Skipulagsnefnd Reykjavíkur fellst á framkvæmd en leitaði álits umferðarnefndar Reykjavíkur.

Umferðarnefndar Reykjavíkur fellst á framkvæmd án athugasemda.

Umhverfismálaráð Reykjavíkur fellst á framkvæmd án athugasemda.

Árbæjarsafn fellst á framkvæmdina, en vill fá að fylgjast með á meðan á framkvæmd stendur.

Allar umsagnir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins næstu fjórar vikur eða þar til kærufrestur er liðinn.

3. ATHUGASEMDIR

Ein skrifleg athugasemd barst Skipulagi ríkisins vegna framkvæmdarinnar.

Íbúi við Laxakvísl gerir athugasemdir við eftirfarandi:

- Aukna loft- og hávaðamengun í íbúðahverfi á Ártúnsholti sem kunni að lækka þar fasteignaverð.
- Aukna hættu á slysum á börnum vegna hraðbrautar í íbúðabyggð.
- Hættu og óþægindi fyrir íbúa ef umferð verði beint inn á göturnar Straum og Streng meðan á framkvæmdum stendur.

Athugasemdin liggur frammi hjá Skipulagi ríkisins næstu fjórar vikur eða þar til kærufrestur er liðinn.

4. SKIPULAG

Samkvæmt framlögðum gögnum þarf að breyta aðalskipulagi Reykjavíkur vegna framkvæmdar þessarar og er lagt til að það verði gert samkvæmt 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, án auglýsingar. Beiðni um að breyta aðalskipulaginu þarf að berast skipulagsstjórn ríkisins. Framkvæmd getur ekki hafist fyrr en breyting á aðalskipulagi hefur verið staðfest.

5. NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR

Samkvæmt frummatsskýrslu kemur fram að tilgangur með lagningu mislægra gatnamóta um gatnamótin Höfðabakka og Vesturlandsveg sé að greiða úr umferð á gatnamótunum þar sem þau anna á engan hátt þeirri umferð sem um þau fer á álagstímum. Markmiðið sé að bæta umferðaröryggi og fækka óhöppum.

Helstu umtalsverðu umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar skv. frumathugun eru hljóð- og loftmengun við húsnæði við gatnamótin. Samkvæmt spám framkvæmdaraðila er þó ólíklegt að hljóð- og loftmengun fari yfir sett mörk í mengunarvarnarreglugerð. Fari hljóð- og/eða loftmengun hins vegar yfir sett mörk hefur Hollustuvernd ríkisins bent á eftirfarandi aðgerðir til mótvægis:

1. "Á 5 ára fresti frá úrskurði þessum, ber framkvæmdaraðila að kanna loft- og hljóðmengun við íbúðar- og/eða iðnaðarhúsnæði við gatnamótin og skila niðurstöðum til Hollustuverndar ríkisins. Sé ástæða til að ætla að mengun geti farið yfir viðmiðunarmörk, sbr. mengunarvarnarreglugerð, og telji Hollustuvernd ríkisins eða Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkursvæðis ástæðu til að grípa í taumana, er framkvæmdaraðila skylt að gera viðeigandi ráðstafanir í samráði við Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkursvæðis".

Auk þessa þarf framkvæmdaraðili að sjá til þess að fornleifadeild Árbæjarsafns sé gert kleyft að fylgjast með framkvæmdum. Framkvæmdaraðili þarf því að:

2. Tilkynna þarf fornleifadeild Árbæjarsafns þegar framkvæmdir hefjast svo að starfsfólki Árbæjarsafns sé gert kleyft að fylgjast með þeim.

Í frummatsskýrslu og öðrum gögnum sem framkvæmdaraðili hefur lagt fram liggja fyrir við lok frumathugunar fullnægjandi upplýsingar um líklegar afleiðingar sem fyrirhuguð framkvæmd muni hafa, ásamt fullnægjandi svörum við þeim umsögnum og athugasemdum sem embættinu bárust.

6. ÚRSKURÐUR

Skipulagsstjóri ríkisins telur gögn þau sem fram voru lögð af hálfu framkvæmdaraðila fullnægjandi og svara þeim umsögnum og athugasemdum sem embættinu bárust. Fallist er á fyrirhugaða lagningu mislægra gatnamóta Vesturlandsvegur og Höfðabakka svo sem hún er kynnt í gögnum Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar, með eftirfarandi skilyrðum um aðgerðir til mótvægis:

1. Á 5 ára fresti frá úrskurði þessum, ber framkvæmdaraðila að kanna loft- og hljóðmengun við íbúðar- og/eða iðnaðarhúsnæði við gatnamótin og skila niðurstöðum til Hollustuverndar ríkisins. Sé ástæða til að ætla að mengun geti

farið yfir viðmiðunarmörk, sbr. mengunarvarnarreglugerð, og telji Hollustuvernd ríkisins eða Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkursvæðis ástæðu til að grípa í taumana, er framkvæmdaraðila skylt að gera viðeigandi ráðstafanir í samráði við Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkursvæðis.

2. Tilkynna þarf fornleifadeild Árbæjarsafns þegar framkvæmdir hefjast svo að starfsfólki Árbæjarsafns sé gert kleyft að fylgjast með þeim.

Úrskurður þessi er samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993.

7. LEYFI TIL FRAMKVÆMDAR

Áður en framkvæmd getur hafist þarf borgarstjórn að gefa út formlegt leyfi til framkvæmdar, þar sem tekið er fullt tillit til úrskurðar skipulagsstjóra ríkisins.

8. KÆRUFRESTUR

Úrskurð þennan má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að hann er birtur.

Reykjavík 18. ágúst 1994

Stefán Thors
Skipulagsstjóri ríkisins